

Ertu klár?

nýtt **NÁMSMAT**



Reykjavík, 15. janúar 2016
Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar
Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra

Áskorun stjórnar SAMFOK vegna nýs námsmats í grunnskólum

Stjórn SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, skorar á Menntamálastofnun og menntamálaráðuneytið að seinka gildistöku nýs námsmats við lok grunnskóla sem á að taka gildi vorið 2016.

Í lok árs 2013 var breytingum á námsmati við lok grunnskóla sem átti að taka gildi 2015 frestað um eitt ár. Mennta- og menningamálaráðuneytið tilgreindi m.a. seinkun útgáfu greinanámskráa sem ástæðu fyrir þessari ákvörðun.

Um miðjan nóvember síðastliðinn stóð SAMFOK fyrir umræðu- og fræðslufundinum “Ertu klár?” um nýtt námsmat í grunnskólum. Á fundinum kom fram að enn er margt óljóst hvað varðar framkvæmd og innleiðingu námsmats út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum greinasviða nýrrar aðalnámskrár sem nemendur eiga að útskrifast samkvæmt í vor, og útfærslu á nýjum matskvarða A-D. Viðurkennt var að sum hæfniviðmiðin eru ónothæf. Einnig að útfærslan í skólum sem eru komnir eitthvað áleiðis er mjög mismunandi. Nemendur sögðust ekki skilja nýja námsmatið og einkunnakvarðana. Fram kom að skólastjórnendur og kennarar hafa beðið lengi eftir svörum og leiðbeiningum frá Menntamálastofnun varðandi ýmsa óvissuþætti, enda um afar miklar breytingar að ræða.

SAMFOK telur það rétt nemenda og foreldra þeirra, að þegar nemendur hefja nám að hausti sé gert kunnugt hvaða viðmið eru um árangur í hverri námsgrein og hvernig þeir verða metnir við lok náms. Nú er skólaárið hálfnað og víða hefur ekkert verið kynnt fyrir foreldrum, engin umræða farið fram. Það heyrir til undantekninga að nemendur hafi verið upplýstir um útfærslu námsmatsins með skýrum hætti. Fæstir skólar hafa birt útfærslu námsmats á heimasíðum sínum. Enn er beðið eftir svörum og leiðbeiningum frá Menntamálastofnun. Allt traust er sett á kennara og skólastjórnendur, að þeir nái að klári útfærslu nýs lokanámsmats í sínum skóla fyrir vorið. Á sama tíma á að meta nemendur í fyrsta skipti eftir kvarðanum. Þetta er óásættanlegt. Verkefnið er fallið á tíma.

Auðsýnt er að við innleiðingu nýs námsmats við lok grunnskóla hefur ekki verið tekið tillit til þess að skólastarf snýst ekki um stofnanir eða kerfi, heldur um nemendur.

Afrit sent:
Gylfa Jóni Gylfasyni, sviðsstjóra matssviðs